

Jónsmessunefnd

11. mars 2026

Sölvhólgötu 7.

Mætt: Aðalsteinn Þorsteinsson, Arnar Þór Sævarsson, Guðni Geir Einarsson, Hermann Sæmundsson, Ingilín Kristmannsdóttir, Jóhanna Sigurjónsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Marta Guðrún Skúladóttir.

Auk þess sátu fundinn Árni Sverrir Hafsteinsson og Elmar Björnsson frá innviðaráðuneytinu, Gunnar Snorri Guðmundsson frá fjármála og efnahagsráðuneytinu og Saga Guðmundsdóttir og Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

1. Fjármálaáætlun 2027-2031. Minnisblað samráðsnefndar um opinber fjármál til Jónsmessunefndar um áætlaða afkomu sveitarfélaga 2027-2031. Samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga.

Marta Guðrún Skúladóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu kynnti minnisblað samráðsnefndar um opinber fjármál um áætlaða afkomu sveitarfélaga 2027-2031.

Hermann Sæmundsson, Marta Guðrún Skúladóttir og Gunnar Snorri Guðmundsson frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu kynntu drög að samkomulagi um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga fyrir sama tímabil, 2027-2031. Nefndin samþykk því að samkomulagið verði kynnt í ríkisstjórn föstudaginn 13. mars og það undirritað að gefnu samþykki ríkisstjórnar.

2. Eftirlit og fjárhagslegur viðbúnaður gagnvart sveitarfélögum.

Árni Sverrir Hafsteinsson og Elmar Björnsson frá innviðaráðuneytinu kynntu helstu þætti varðandi eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, s.s. aðferðafræði, breytingar sem er að finna í frumvarpi til nýrra sveitarstjórnarlaga og frekari tækifæri til úrbóta.

3. Þátttaka ráðuneyta í fjárfestingu á seinni hluta á endurhönnun á Upplýsingaveitu sveitarfélaga.

Samkomulag um rekstur og viðhald á nýrri Upplýsingaveitu sveitarfélaga.

Tillaga innviðaráðuneytisins að kostnaðarskiptingu vegna reksturs og viðhalds annars vegar og fjárfestingar á seinni hluta á endurhönnun á Upplýsingaveitunni hins vegar samþykkt.

Forsætisráðuneytinu verður jafnframt boðið að verða hluti af samkomulaginu fyrir hönd Hagstofu Íslands, sem er aðili að gildandi samkomulagi um rekstur Upplýsingaveitu sveitarfélaga.